

Skólaráðsfundur 16. 2. 2021

Mættir: Þuríður, Björg Sigrún, Fiona, Líney, Sölvi, Hrefna, Guðrún Helga og Erla
Fundarritari: Vala

Þuríður segir frá niðurstöðum sjálfsmatskönnunar sem lögð var fyrir nemendur í annað skipti, á þessu skólaári, nú í byrjun febrúar.

Fram kom athugasemd frá foreldri varðandi spurningu 5. Ef ég lendi í vanda þá get ég treyst einhverjum fullorðnum í skólanum - að ástæða þess að einungis tæp 70% þátttakenda svari alltaf eða oftast sé vegna þess að þeir hafi annað hvort ekki lent í vanda eða finnst eðlilegt að leita fyrst til foreldra með vandamálin og finnst spurningin kannski ekki eiga við sig.

Sagt frá því að undirbúningur fyrir næsta skólaár er kominn í gang. Núna er verið að taka starfsþróunarsamtöl við starfsfólk skólans þar sem farið er yfir óskir fólks varðandi næsta vetur. Næsta vetur koma tæplega 80 nemendur inn í áttunda bekk og tæplega sjötíu sem útskrifast þannig að það fjölgar aðeins í skólanum.

Spurt hvernig yrði með Uglur í tíunda bekk næsta vetur - og það er planið að það verði Uglukennsla í öllum árgöngum næsta vetur. Ástæðan fyrir því að tíundi bekkur var ekki í Uglum í vetur, var sú að það var talið að einn vetur væri of stuttur tími til að nemendur næðu að tileinka sér breytt vinnubrögð svo vel sé. Það tekur tíma að festa nýja kennsluhætti í sessi og skiptir máli að hafa þrautseigju til að halda út og þróa áfram. Við eigum tíma í ráðgjöf frá Ingvari Sigurgeirssyni sem er frábært að geta nýtt.

Þuríður segir frá því að það sé verið að ýta á eftir því að fá nemendaskápa, það eru komnar teikningar og kostnaðaráætlun kemur væntanlega í dag.

Fundi slitið kl. 8:45